

Ed.

475. Breytingartillögur

við frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 12. gr. 2. mgr. orðist svo:
Það er borgaraleg skylda að gegna störfum í barnaverndarráði.
2. Við 16. gr. Á eftir orðunum „er heimilt“ í 1. másl. komi: ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs.
3. Við 23. gr. Í stað orðsins „samþykkir“ í niðurlagi greinarinnar komi: og nánustu ættingjar samþykkja.
4. Við 24. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.
5. Við 33. gr. Orðin „svo og þeim börnum, annars foreldris eða hvorugs“ í 2. másl. falli niður.
6. Við 35. gr. Orðið „beggja“ í niðurlagi 2. másl. 2. mgr. falli niður.
7. Við 36. gr. Á eftir orðunum „Ríkisstjórnin skal í þessu skyni“ í upphafi 2. mgr. komi: eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
8. Við 37. gr. Á eftir orðunum „Ríkisstjórninni er skylt“ í upphafi gr. komi: eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
9. Við 38. gr. Á eftir orðunum „sbr. þó“ í síðustu mgr. komi: 24. og.
10. Við 46. gr. Síðari másl. 2. mgr. falli niður.
11. Við 52. gr. Fyrri másl. orðist svo:
Barnaverndarráð heimtí skýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en einu sinni á ári.